

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Skilmannahrepps 2002-2014,
Melahverfi, Hvalfjarðarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 8. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skilmannahrepps 2002-2014 frá 15. ágúst 2007.

Breytingin felst í því að þéttleiki byggðar í Melahverfi eykst úr 3-5 íbúðum á hektara í allt að 20 íbúðir á hektara með nýtingarhlutfalli að hámarki 0,4 og lágreistri íbúðabyggð. Ennfremur er gert ráð fyrir 1,2 hektara verslunar- og þjónustusvæði, með nýtingarhlutfalli að hámarki 0,4 út við þjóðveg 1 á kostnað íbúðarsvæðis.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. maí 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.